

MATARHLÉ



Berglind Hlín Baldursdóttir, kennari í Oddeyrarskóla, tekur áskorun Konráðs Loga Fossdal og gefur lesendum uppskrift að hollum og góðum fiskirétti. Berglind skorar á Rut Viktorsdóttur, deildarstjóra á leikskólanum Tröllaborgum, að birta uppskrift í næsta blaði.

ÞRETTÁNDAFISKUR

Hráefni:

800 gr. ýsa roð- og beinlaus
½ dós paprikasmurostur
½ dós sveppasmurostur
1 paprika
1 laukur
Sveppir eftir smekk
1 poki frosið grænmeti
Krydd eftir smekk, t.d.
sítrónupipar, fiskikrydd
og salt og pipar.

Aðferð:

Setjið fiskinn í eldfast mót, steikið laukinn fyrst og svo paprikuna og sveppina. Setjið smurostinn á pönnuna og dass af rjóma eða mjólk með. Hellið sósunni yfir fiskinn og setjið síðan frosna grænmetið yfir.

Setjið álpappír yfir formið og inn í 200 gráðu heitan ofn í 25-30 mínútur. Takið þá pappírinn af og setjið ost yfir fiskinn og leyfið að bráðna.

Berið fram með hvítlauksbrauði.

BOTNAHORNID

Fyrripartur síðasta tölublaðs var svohljóðandi:

Læðist haust um lygnan fjörð,
lýsir hrím á tindum.

Erfitt var að gera upp á milli þeirra prýðilegu botna sem bárust en lokst komst dómnefnd að þeirri niðurstöðu að botn Ólafs Jónssonar, bæjarfulltrúa, væri einna bestur. Hann hljóðar svo:

Sumri þakkar- syngjum gjörð
og sæl við alla lyndum.

Og nú varpar Davíð Hjálmar Haraldsson fram eftirfarandi og mjög svo viðeigandi fyrriparti:

Yfir jólin mittismál
margra óx að vonum.

Sendið okkur botna á netfangið kronikan@akureyri.is merkt „Botnahornið“.

GOTT AÐ VITA

Rafrænir launaseðlar á starfsmannavefnum

Minnt er á að launaseðlar eru alltaf aðgengilegir á starfsmannavefnum. Slóðin er eg.akureyri.is.

Á starfsmannavefnum getur starfsfólk skoðað:

- rafræna launaseðla
- stöðu orlofs
- stöðu veikindadaga
- reikninga frá Akureyrarbæ, s.s. fyrir fasteignagjöld, leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla
- yfirlit yfir námskeið

Einnig getur starfsfólk skráð og breytt eigin upplýsingum.

Sækja þarf um lykilorð á vefnum eg.akureyri.is. Starfsfólk getur valið um að fá lykilorðið sent í heimabanka eða að sækja það til starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar í Ráðhúsinu, Geislagötu 9, 1. hæð. Nánari upplýsingar er að finna í starfsmannahandbókinni: <http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannavefur/> og hjá starfsmannabjónustunni í síma: 460 1060.



Mynd: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Dórothea Jónsdóttir, Friðný Sigurðardóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson

og Samúel Jóhannsson.

Netfang: kronikan@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

1. tbl. 6. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR janúar 2011



Mynd: Þórgnýr Dýrfjörð

BESTA LAND Í HEIMI?

„Akureyri er besta land í heimi,“ sagði stúlkan við móður sína. Þær voru með fjölskyldunni í vetrarleyfi á Akureyri, höfðu rennt sér ótal ferðir á skiðum í Hlíðarfelli, notið þess að láta úr sér líða í heitum pottum Sundlaugarinnar og voru nú í miðbænum að skoða í búðarglugga.

Ef til vill er óþarflega fast að orði kveðið að segja að Akureyri sé besti staður í heimi en bærinn okkar hefur vissulega marga kosti. Sumir hafa friðsældina og rólegheitin í hávegum og finna til léttis þegar komið er heim eftir borgarferð. Aðrir kunna best að meta þá góðu þjónustu sem hér er í boði á öllum sviðum og enn aðrir hampa Akureyri sem menningarbæ, hér sé menningin jafnvel á hærri stigi en þekktist í mörgum milljónaborgum erlendis. Það segir líka sína sögu að Akureyri er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga sem vilja ferðast innanlands.

Við Akureyringar megum vera stoltir af bænum okkar og við starfsfólk Akureyrarbæjar megum vera stolt af þeirri miklu og góðu þjónustu sem við innum af hendi. Höldum áfram á nýju ári og alla tíð að vera allt í senn: Fagleg, lipur og traust!

Við óskum ykkur gleðilegra jóla, árs og friðar.
Ritnefnd Innanbæjarkrónikunnar

GAMLA MYNDIN



Spurning þessa tölublaðs er tvíþætt: Hvaða ungi herramaður er á myndinni að ofan og við hvaða götu er myndin tekin? Sendið okkur svör sem fyrst á netfangið kronikan@akureyri.is merkt „Myndagetraun Innanbæjar-kronikunnar“. Dregið verður úr réttum svörum og fær einn heppinn lesandi tveggja daga skiðakort í Hlíðarfjall að launum.

Í síðasta tölublaði var spurt um manninn á myndinni hér til hægri og bárust mörg rétt svör. Þar á meðal kom rétt svar frá Aðalbjörgu Áskelsdóttur í Lundarskóla og fær hún tveggja daga skiðakort í Hlíðarfjall. Myndin er að sjálfsögðu af Gunnþóri Hákonarsyni yfirverkstjóra hjá framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar.



Skömmu fyrir jól undirrituðu fimm sveitarstjórar við Eyjafjörð samning um sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlaða. Á myndinni eru frá vinstri: Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps, Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, og Jónas Vigfússon, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar.

FÁNÝTUR FRÓÐLEIKUR?

Glerárlaug var vígð 20. janúar 1990 og opnuð fyrir almenningi 15. mars það sama ár. Síðan hafa rétt um 1,4 milljónir gesta synt í lauginni en þar af er góður helmingur sundferðir skólabarna. Þess má einnig geta að Íþróttahúsið við Glerárlaug er 33 ára og þangað hafa tæplega 5 milljónir gesta lagt leið sína.



Glitský voru áberandi yfir Akureyri í byrjun desember. Helgi magri og Þórunn hynna nutu fegurðar himinsins líkt og aðrir bæjarbúar.

HEIMSÓKN Í HOF

Heldri borgarar af Öldrunarheimilum Akureyrar gerðu sér glaðan dag á aðventunni með heimsókn í Menningarhúsið Hof. Fyrst gæddu þessir góðu gestir sér á kaffi og kökum í „1862 Nordic Bistro“ en tóku síðan lagið við undirleik harmoníku.



HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Þórhildur P. Sigurbjörnsdóttir er deildarstjóri á starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar. Hún fæddist á Akureyri og ólst þar upp. Þórhildur er gagnfræðingur frá Gagnfræðaskóla Akureyrar og fór að vinna 17 ára hjá Akureyrarbæ. Þar var hún ritari hjá bæjarstjóra en sinnti ýmsu öðru, til dæmis vinnu á skiptiborði bæjarins, útreikningi launa og vinnu við fasteignagjöldin en þá komu allir bæjarbúar til að borga fasteignagjöldin á bæjarskrifstofuna. Á Akureyri bjó hún til 20 ára aldurs

en þá flutti hún til Danmerkur og starfaði hjá Philips í Glostrup sem deildarstjóri í 4 ár. Eftir Danmerkurdvölinu flutti Þórhildur aftur til Akureyrar og fór að vinna í Slippstöðinni sem ritari hjá Gunnari Ragnars sem þá var forstjóri Slippstöðvarinnar. Einnig vann hún við ýmis önnur ritarastörf. Eftir 4 ár í Slippstöðinni fór Þórhildur í fæðingarorlof og var heima í nokkur ár að ala upp þrjú börn. Þá rakst hún á auglýsingu frá Akureyrarbæ um að þar vantaði launafulltrúa, ákvað að sækja um og fékk starfið. Síðan eru liðin 25 ár! Helstu áhugamál Þórhildar eru öll útivera, sund, skógrækt og silungsveiði svo eitthvað sé nefnt.

Í hverju skyldi starfið helst vera fólgið?

„Ég sé um laun kennara og skólustjórnenda ásamt því að sjá um uppgjör til lífeyrissjóða, starfsmannafélaga og ríkisskattstjóra - og ekki má gleyma því að ég sé líka um að leggja inn á reikningana launin af og til svo launþegarnir verði ánægðir!“

Hvað er skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Það er alltaf ánægjulegt að tala við launþega sem hæla okkur hérna fyrir góða þjónustu og vönduð vinnubrögð, einnig er gaman að öllum líði vel á vinnustaðnum og séu ánægðir. Á móti getur verið leiðinlegt ef einhver kvartar og er ekki sáttur en við leysum þann vanda held ég alltaf með góðu.“

Hver er helsti kostur við að búa á Akureyri?

„Ég bý stutt frá Akureyri eða á Möðruvöllum í Hörgárdal. Ég er 10 mínútur að keyra á milli og það hefur ekki verið vandamál. Ég tel að það ætti að sameina öll sveitarfélög við Eyjafjörð. En kosturinn við að búa á Akureyri er sá að þú hefur allt sem þú þarft hérna. Ég get nefnt skíðasvæðið, skautahöllina, Bogann, útivistarsvæði um allan bæinn og gönguleiðirnar, sundlaug og svæði fyrir hestamenn, besta golfvöll á landinu - það er hugsað fyrir öllu hérna í bænum.“